

Íslenska 8.b. 24-25

Kennarar: Ólafur Atli Sindrason

8

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Námsefni vetrarins samanstendur af einni textabók, Kveikjum, með fjölbreyttum verkefnum. Verkefni eru samin með hliðsjón af markmiðum Aðalnámskrár frá 2011-2013. Í námsbókinni eru ótal mismunandi verkefni sem reyna á ólíka þætti íslenskunnar, allt frá lestri, ritun og framsögn að málfræði og setningafræði. Þá gefst nemendum einnig kostur á að tjá skoðanir sínar í rökstuddu máli og þjálfast um leið í að taka gagnrýni á eigin skoðanir.

"Markmiðið með íslenskukennslu er fyrst og fremst að styrkja nemendur sem málnotendur, lesendur, greinendur og skapara; auka sjálfstraust þeirra í notkun og meðferð íslenskunnar og gera þeim ljóst hversu mikilvæg hún er fyrir þá persónulega og samfélagið í heild sinni." (Kennsluleiðbeiningar).

Jafnframt þessari heildstæðu kennslubók eru lesnar almennar bókmenntir klassískar- nútíma- og fornsögur - og þeim gerð skil á skapandi hátt. Áhersla er lögð á nútímabókmenntir sem eru nálægt nemendum í tíma. Ætlunin er að nemendur geti betur speglað sig í þeim bókmenntum og með því er reynt að kveikja og viðhalda áhuga á bókmenntum og lestri almennt. Með áherslu á klassískar bókmenntir er verið að kveikja áhuga á heimsfrægum og þekktum bókmenntum s.s. Rómeó og Júlíu, Silar Marner, Drakúla ofl.

Námsaðlögun

Ef nemendur þurfa sérstaka námsaðlögun er hún veitt. Ýmist er það í formi aðlagaðs námsefnis, aðgengi að hljóðbókasafni og ýmsum forritum og öppum sem styðja við skil nemenda.

Námsmat

Námsmat í íslenskunni felst í símati og virkri endurgjöf. Þannig er litið svo á að öll vinna vetrarins verði til grundvallar einkunn - en nemendur fá tækifæri til að velja þau verkefni sem þeim finnst að sértaklega eigi erindi til námsmats, í samráði við kennara.

"Til að námsmatið virki hvetjandi þarf endurgjöfin að vera einföld, jákvæð og gagnleg: Hvað er vel gert? Hvað þarf að bæta – og hvernig er hægt að gera það?" (Kennsluleiðbeiningar).

Íslenska fyrir 8. bekk Varmahlíðarskóli

- **Hæfnieinkunn (tákn)**

Íslenska fyrir 8. bekk Varmahlíðarskóli - Talað mál, hlustun og áhorf

- Halda við því sem unnist hefur með Upplestrarkeppninni
- Tekur þátt í umræðum um námsefni hverju sinni, t.d. skáldsögur, blaðagreinar, kvikmyndir og málefni líðandi stundar.
- Getur staðið fyrir framan áheyrendur og flutt/lesið texta á skýran hátt.
- Getur átt góð samskipti og sýnt tillitssemi og virðingu.
- Getur nýtt sér sköpunarkraft við að velja miðil sem hentar til þess að koma frá sér verkefnum fyrir framan hóp, einn eða í samvinnu við aðra

Íslenska fyrir 8. bekk Varmahlíðarskóli - Lestur og bókmenntir

- Velur lestrarefni í kennslustundum, t.d. skáldsögur, fræðibækur, tímarit, teiknimyndasögur o.fl.
- Getur lesið bókmenntir með það fyrir augum að kryfja efni þeirra.
- Eykur lestrarhraða, t.d. í gegnum lestrarátak
- Þekkir mismunandi texta og vinnur verkefni þeim tengdum, s.s. ljóðum, örsögum og stuttum textum.
- Þekkir hugtök eins og innri og ytri tíma, fléttu, sjónarhorn og sögusvið og greinir texta út frá þeim.
- Les a.m.k. 180 orð (300 atkv.) á mínútu af skilningi.
- Greinir og skilur aðalatriði úr texta í gegnum myndmál, útdrætti og hugarkort
- Getur leitað heimilda og texta í fjölbreyttum gagnaveitum.

Íslenska fyrir 8. bekk Varmahlíðarskóli - Ritun

- Beitir nokkuð rétttri stafsetningu.
- Getur skrifað fjálsan texta með tilfinningu fyrir uppsetningu, stafsetningu og uppbyggingu.
- Þekkir helstu stafsetningarreglur, s.s. y-reglur, n/nn, stofn, -an, steinsregluna o.fl.
- Getur skrifað ritgerð með inngangi, meginmáli, lokaorðum og efnisgreinum.

- Getur skrifað stutta texta, s.s. útdrátt.
- Skrifar bókmenntaritgerð.

Íslenska fyrir 8. bekk Varmahlíðarskóli - Málfræði

- Þekkir sameiginleg einkenni fallorða.
- Getur notað orðabækur og handbækur um málfræði auk efnis á netinu.
- Þekkir veika og sterka beygingu nafnorða og lýsingarorða.
- Þekkir alla fornafnaflokka og kann að flokka orð í viðeigandi flokka.
- Getur nýtt orðaforða sinn og tilfinningu fyrir því að íslenska sé lifandi mál, t.d. í gegnum nýyrðasmíði og Fimbulkamb

NÁMSEFNI/GÖGN



Kveikjur

Alhliða kennslubók í íslensku

(<https://mms.is/namsefni/kveikjur-texta-og-verkefnabok-i-islensku-rafbok>)



Rómeó og Júlía

Sígild saga

(<https://mms.is/namsefni/romeo-og-julia>)